Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 179/1993. **Jenný Lind Árnadóttir**
(Svala Thorlacius hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og heilbrigðisráðherra
(ríkislögmaður)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1993. Hún gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 1.860.700 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 28. apríl 1980 til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og að málskostnaður verði í því tilviki felldur niður.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 30. september 1992. Það var endurupptekið 4. nóvember sama ár og frestað til 25. sama mánaðar. Þá var málið dómtekið að nýju án framlagningar skjala og munnlegs málflutnings. Í þinghaldi 5. febrúar 1993 var eftirfarandi bókað: „Lögmenn aðila lýsa því yfir, að þeir teldu óþarft, að málið yrði flutt á ný, og samþykkir dómurinn þetta skv. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Var þá í málinu kveðinn upp svofelldur dómur:. . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er fjórir mánuðir og fimm dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi

lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.